

SÖGUAÐFERÐ

KOMDU OG SKOÐAÐU LANDNÁMIÐ

Söguaðferð (The Storyline Approach, Jordanhill College of Education) gefur nemendum tækifæri til að setja sig í spor annarra og glíma við fjölbreytileg viðfangsefni. Söguaðferð gefur enn fremur kost á að flétta saman hinar ýmsu námsgreinar í eina heild. Söguaðferð eflir auk þess samvinnu nemenda og frjálsa sköpun. Aðferðin byggist á því að börnin búa til umhverfi (sögusvið) og sögupersónur (dúkkulísur). Síðan er hrundið af stað ákveðinni atburðarás sem nemendur þurfa að takast á við.

HVAR (SÖGUSVIÐ)?

Hvernig var umhorfs á Íslandi áður en landið byggðist? Hugstormun, skráning.

Hvar námu fyrstu landnámsmennirnir land? Af hverju urðu þessi landsvæði fyrir valinu? Hvað þarf að vera til staðar á búsetusvæði og hvers vegna?

Börnin skoða kort af Íslandi. Hvar er best að búa og hvers vegna?

Börnin búa til bakrunn, landslag.

Híbýli: Hvernig var bærinn byggður? Hleðsla, grjót, torf, gluggar o.fl. Börnin vinna saman í hópum og búa til flettimynd úr blaði (t.d. sykurrappír) sem þau brjóta til helminga. Þau byrja á framhlið landnámsbæjarins. Síðan fletta þau blaðinu við og útbúa innviði hans (klippimynd).

Bæjarheiti: Börnin velja nafn á bæinn sinn.

HVERJIR (SÖGUPERSONUR)?

Hvaðan komu landnámsmennirnir? Hvað tóku þeir með sér til fyrirheitna landsins? Umræður, hugstormun, skráning.

Hvert barn velur sér landnámsmann og býr til dúkkulísu. Umræður um efni og litaval á flíkum landnámsmanna. Hvers konar skart bar fólkið?

Barnið skráir upplýsingar um sína persónu, t.d. nafn, aldur, stöðu (karl, kona, barn, þræll, ambátt, vinnuhjú), starf, uppáhaldsiðju o.s.frv. Hver og einn segir síðan frá sinni persónu.

Hvaða dýr tóku landnámsmennirnir með sér?

Hugstormun, skráning, orðalisti.

Börnin velja sér dýr, búa til klippimyndir og gefa dýrunum nöfn.

HVENÆR (TÍMAÁS)?

Fyrstu norrænu mennirnir sem tóku sér fasta búsetu á Íslandi voru hjónin Ingólfur Arnarson og Hallveig Fróðadóttir. Talið er að þau hafi komið til landsins árið 874. Börnin búa til tímaás frá landnámi fram til okkar daga.

Í vefefninu með *Komdu og skoðuðu land og þjóð* er verkefnið *Þráður tímans* í Á vettvangi.

ATBURÐUR

Ferðin yfir hafið

Hvaðan komu landnámsmennirnir? Hvernig ferðuðust þeir til landsins?

Hvernig fóru þeir að því að rata yfir hafið?

Hvaðan var lagt af stað og hvert var ferðinni heitið?

Umræður, hugstormun, skráning.

Börnin skoða leiðina yfir hafið á landakorti. Hvað tók ferðin langan tíma? (*Komdu og skoðaðu tæknina*).

Börnin vinna í hópum og búa til víkingaskip úr fjölbreytilegum efniviði. Í þessu sambandi má kynna langskip og knörr. (Sjá Fróðleikshorn).

Börnin búa til litla bók og semja frásögn af ferðinni yfir hafið. Útlínur bókarinnar geta tengst einhverju frá þessu tímabili, t.d. víkingahjálm, drykkjarhorni, víkingaskipi o.s.frv.

Einnig geta börnin samið ljóð þar sem þau skrá það sem þau sjá, heyra, finna lykt af, bragða á og snerta (*Börn og ritun*, bls. 34–35). Þau geta teiknað víkingaskip, klippt það út og skrifað ljóðið sitt á skipið.

Enn fremur geta börnin reynt að setja sig í spor landnemanna og samið ættjarðarljóð um nýja landið.

Leikræn tjáning: Börnin semja stutta leikþætti þar sem ferðinni er lýst eða atvikum úr henni.

Mannamót, leikir og íþróttaiðkun, t.d. glíma, knattleikur, steinaburður/aflraunir o.fl.

Leikræn tjáning: Börnin setja upp litla leikþætti.

ÍSLAND Á LANDNÁMSÖLD

Hvaða reglur giltu um landnám á þessum tíma?

Athuga enn fremur mismunandi hlutverk kynjanna.

Umræður, skráning.

ANNATÍMI – RÓLEGIR TÍMAR

Störf eftir árstíðum. Hugstormun, skráning.

Börnin búa til hring á blað og skipta honum í fernt (vor, sumar, haust, vetur). Börnin teikna og búa til amboð og annað sem tilheyrir hinum ýmsu störfum, allt eftir því hvaða árstíð á í hlut.

ÍTAREFNI

Hvað heita mánuðirnir? http://www.nams.is/media/afrika/manudir_dragdrop.swf

Komdu og skoðaðu tæknina